



Fréttabréf 03.12. 2021

VATNSENDASKÓLI

Frá skólastjóra

Nú er stutt til jóla og einungis tvær vikur þar til nemendur komast í jólafrí. Búið er að skreyta skólann hátt og lágt því í dag var skreytingadagur hér í skólanum og það er því margt sem minnir á jólin hér í skólanum. Jólakaffihúsið í Vatnsendaskóla mun opna í næstu viku en þangað fara allir nemendur og fá kakó og smákökur. Einnig hlusta þeir á upplestur úr nýútkominni bók sem hentar þeirra aldri.

Í nóvember voru takmarkanir hertar vegna Covid eins og öllum er sjálfsagt kunnugt um. Við höfum því þurft að takmarka fjölda nemenda við 50 í sama rými. Þessar reglur gilda til 8. desember og þá sjáum við til hvort eitthvað breytist. Ein af hefðunum okkar í desember er að vera með jólasveinaleika með öllum nemendum í Kórnum. Þetta eru fjölgreindarleikar þar sem keppt er í óhefðbundnum greinum, s.s. stígvélakasti, turnasmíði, lagabotnum og mörgu fleira í þessum dúr. Við fáum Kórinna 17. desember í stað 15. desember eins og til stóð samkvæmt skóladagatali. Við höfum því gert smávægilega breytingu á skóladagatalinu okkar með því að færa uppbrotsdaginn (skertan skóladag) til 17. desember. Miðvikudagurinn 15. desember verður því venjulegur skóladagur en skólaráð og foreldrafélag Vatnsendaskóla hafa samþykkt þessa tilfærslu.

Í fyrra gátum við ekki haft Jólasveinaleikana vegna takmarkana sem giltu þá og nú er ekki bjart útlit fyrir að við getum haft þá í þeirri mynd sem þeir hafa verið, þ.e. að hafa alla nemendur saman í Kórnum. Við munum því að öllum líkindum hafa minni útgáfu af leikunum hér í skólanum þann 17. desember þar sem árgangarnir munu keppa í ákveðnum greinum. Dagurinn mun svo enda um klukkan 12 með pizzuveislu fyrir alla nemendur en frístundin opnar eftir matinn fyrir þá sem eru skráðir þar.

Fimmtudaginn 16. desember mun skólinn bjóða upp á jólamat og mánudaginn 20. desember verða allir árgangar með jólastund í skólanum. Upplýsingar um þær berast ykkur síðar frá umsjónarkennurum.

Mig langar að enda þennan pistil á hrósi til alls skólasamfélagsins sem stendur að Vatnsendaskóla. Starfsmenn skólans, nemendur og foreldrar eru að standa sig ótrúlega vel í þeim krefjandi aðstæðum sem við búum við í dag. Það er mikilvægt að allir vinni saman við þessar aðstæður þannig að við getum haldið sem eðlilegast skólahald og það hefur sannarlega tekist hér. Ég vona að þið njótið aðventunnar í faðmi fjölskyldu og vina og nýtið tímann til samveru með þeim sem standa ykkur næst.

Jólaþakveður,

María Jónsdóttir, skólastjóri Vatnsendaskóla

Í Dótakassanum er fjallað um ýmislegt sem tengist ungu fólki og hvernig hægt er að hafa uppbyggileg áhrif á eigin líðan og heilsu. Umsjónarmaður hlaðvarpsins Bóas Valdórsson er sálfræðingur Menntaskólans við Hamrahlíð og Vatnsendaskóla. Nýjasta hlaðvarpið fjallar um að hvað er ADHD. Við hvetjum ykkur til að gefa ykkur tíma til að hlusta.

Dótakassinn
Hlaðvarp

Hér er að finna slóð á hlaðvarpið: [Dótakassinn](#)

Erasmus+ Ferð til Spánar 20.-25. nóvember 2021

Fyrsta heimsókn á vegum verkefnisins *Eco thinking for Eco living* var farin daganna 20.-25. nóvember. Heimsóknin var mjög lærdómsfull og skemmtileg. Við heimsóttum Ólivubúgarð og fengum að fylgjast með framleiðslunni ásamt því að fræðast um vistvænan búskap. Skoðuðum Las Ermitas, sem er munkaklaustur frá 18 öld. Náttúrugarðurinn Los Villares var heimsóttur en þar fengum við að gróðursetja eikarfræ og fengum skemmtilega fræðslu um mikilvægi þess að varðveita tréin okkar. Heimsóttum Moskuna og Dómkirkjuna í Cordóba, skoðuðum Leðurblökuhelli og byrgi úr spænsku borgarastyrjöldinni. Fengum áhugverða fræðslu um heimsmarkmiðin og Fair trade svo fátt eitt sé nefnd. Virkilega skemmtileg ferð. Krakkarnir okkar stóðu sig einstaklega vel. Næsta ferð verður farin í febrúar en þá heimsækjum við Tyrkland.



Örninn
minningar- og styrktarsjóður

Góðgerðarsöfnun hefur verið eitt af okkar leiðarljósi í desember. Það að gefa af sér og að læra að margt

smátt gerir eitt stórt hefur verið okkur mikilvægt. Í ár höfum við ákveðið að styrkja minningar og styrktarsjóðinn Örninn (www.arnarvaengir.is) Minningar- og styrktarsjóðurinn Örninn býður upp á helgardvöl og samverur fyrir börn og unglinga sem hafa misst náinn ástvin. Samverurnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu en verkefnið reiðir sig á styrki auk þess sem allir starfsmenn eru sjálfbóðaliðar.

Við minnum á að margt smátt gerir eitt stórt. Baukurinn er staðsettur á skrifstofu skólans frá 1. desember en aðalsöfnunarlíka er 7.-11. desember.

Námsvefur Vatnsenda-skóla

Inn á námsvef Vatnsenda-skóla er að finna allar kennsluáætlanir. Smelltu [hér](#) til að skoða námsvefinn okkar.

Mötuneyti Vatnsendaskóla er starfrækt fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans. Lögð er áhersla á fjölbreytta fæðu og starfar mötuneytið eftir lýðheilsuáhrifum. Hér er að finna **matseðil** næstu vikna. Minnum þá sem eiga eftir að skrá sig á ný í mataráskrift að gera það sem fyrst. Við minnum á að Vatnsendaskóli er hnetu-, möndlu- og kívílaus skóli.

Saman gerum við gott mötuneyti betra !



Jóladagskrá Vatnsendaskóla. Nánari upplýsingar koma frá umsjónarkennurum árganga.

1.-20. des Góðgerðarsöfnun

6.-9. des Jólakaffihús

14.-15. des Jólhelgileikur hjá 6. bekk

16. des Jólamatúr

17. des Jólasveinaleikar (skertur dagur)

20. des Jólaskemmtun 1.-10. árg.(skertur dagur)

Bók mánaðarins

Koma jól? er jólaljóðabók eftir Hallgrím Helgason og Rán Flygenring sem kveðst á við fræga bók Jóhannesar úr Kötlum, Jólin koma. Hér er að finna nýjustu fréttir af Grýlu og Jólakettinum og jafnframt stíga hinar jökulhressu Grýludætur, systur jólasveinanna, fram úr þúsund ára löngum skugga bræðra sinna og arka til byggða, hver með sínu lagi og hrekkjabrögð í farteskinu.



GLEÐILEG JÓL

